


# HANDVERK OG HÖNNUN í Ráðhúsinu 2009

Viðhorfakönnun gerð hjá þátttakendum – niðurstöður  
Svör bárust frá 55 þátttakendum (af 59)


## 1. Sýningin Handverk og hönnun í Ráðhúsinu 2009 tókst mjög vel.



## 2. Ef þú ert ósammála eða frekar ósammála fullyrðingunni hér að ofan, hvað fannst þér gagnrýnivert?

Þar sem allir voru **mjög** eða **frekar sammála** fullyrðingunni í spurningu 1 eru engar athugasemdir hér.


## 3. Ert þú sátt/sáttur við hvernig staðið var að auglýsingum á þessum viðburði?



## 4. Ef þú ert ekki sátt/sáttur, hvað var sérstaklega gagnrýnivert?

Eins og sjá má í svari við spurningu 3 voru allir sem svöruðu könnuninni sáttir við það hvernig staðið var að auglýsingum.

## 5. Sýningin/kynningin stóð í 4 daga finnst þér það hæfilega langt?




## 6. Ef nei


Af þeim 5 (9%) sem svöruðu nei fannst **3 það vera of langur tími og 2 of stuttur tími.**

---


## 7. Hvað seldir þú fyrir mikið á sýningunni/kynningunni?




## 8. Hvernig var salan samanborið við fyrri ár?




9. Finnst þér að HANDVERK OG HÖNNUN eigi að halda slíka sýningu/kynningu einu sinni á ári?



10. Hefur þú áhuga á að sækja aftur um að taka þátt?



11. Ráðhús Reykjavíkur hentar vel fyrir viðburð af þessu tagi.



## 12. Ef þú ert ósammála eða frekar ósammála fullyrðingunni hér að ofan, hvers vegna finnst þér það henta illa og hvaða staður heldur þú að myndi henta betur?

- Ráðhúsið er full lítið fyrir svona vel sóttu sýningu, en mér finnst betra að hafa troðið en hálfþómt. Það skapar markaðsstemmningu og sýning sem þessi á að vera í miðbænum. Listasöfnin mundu líka henta en eflaust ekki auðvelt að fá þar inni. Kannski mundi einn dagur í viðbót leysa málið.
- Staðurinn fannst mér sjálfri henta ágætlega og dettur í raun ekki neinn annar betri í hug. Háfilega margir þátttakendur, hvorki of margir né of fáir. Yndislegt umhverfi. En mér fannst gestir svolítið vera að kvarta yfir plássleysinu. Væri of þröngt til að komast að básunum. Erfitt fyrir fólk í hjólastólum eða með kerrur til að komast að og þh. Vont að fá bílastæði yfir helgina...
- Fólk kvartaði mikið yfir troðningi og sagðist ekki komast að básum vegna troðnings. Fólk virtist fljóta með fjöldanum. Kem ekki öðrum stað fyrir mig í augnablikinu. Mætti ekki heldur vera of stór
- Staðsetning er góð en plássið er allt of lítið, gestir gefast upp og fara vegna þrengsla
- Þarf að vera stærra húsnæði með ókeypis bílastæðum.
- heldur lítið rými...
- Húsnæðið er orðið of lítið vegna aðsóknar og bílastæði allt of fá. En ég hef samt ekki áhuga á að sýningin verði eitthvað risastór og sálarlaus.
- gestir voru ósáttir við þrengsli og margir þurftu frá að hverfa.
- Lítið pláss
- Ráðhúsið of lítið fyrir þennan fjölda sýnenda og skoðenda.
- Ráðhúsið hentar mjög vel en er orðið ALLT of lítið. Sting upp á Kjarvalsstöðum eða Perlunni
- Þrengslin voru allt of mikil sérstaklega laugardag og sunnudag.
- Kannski er hugsanlegt að hafa hana á tveimur stöðum í miðborginni, í ráðhúsinu og einhverjum öðrum stað einhver nefndi lðnó. Gæti verið spennandi
- Held að Ráðhúsið sé orðið og lítið húsnæði fyrir viðburðinn. Engu að síður er húsnæðið skemmtilegt og kostur að það er í miðbænum. Held að við verðum bara að bíða eftir tónlistarhúsinu :)!
- Hef því miður heyrt um marga sem fóru frá vegna fjölda...þar sem þessi sýning er orðin mjög vinsæl er Ráðhúsið orðið of lítið...dettur enginn staður í hug í augnablikinu...sorry
- Of lítið, mikil þrengsli og gestirnir kvarta að þeir komist illa um. Allt of lítið af bílastæðum og of mikið af sektum.
- Verð að segja bæði og. Viðskiptavinir voru mjög óhressir með hvað sýningin er orðin stór miðað við húsnæðið. Margir þurftu frá að hverfa. Ég tel það vera kominn tími á að gera þetta að stærri viðburði, með stærri básum eins og þekkist erlendis og í stærra rými, þar sem Handverk og Hönnun væri með café, þar sem fólk getur sest og notið stundarinnar betur, og komið aftur til þess listamanns sem hann er að hugsa um, í stað þess að hann fari heim og nenni ekki til baka aftur. Ég er ekki viss um að það verði að vera í miðbænum, því ef fólk ætlar á þennan viðburð, fer það þangað þar sem hann er. Mér dettur í hug Laugardalshöllin, eða önnur stór rými, til dæmis við höfnina eða eitthvað sem stendur tómt. Hef ekki hugmynd akkúrat núna hvað það gæti verið. En það yrði að vera staður þar sem hægt er koma hvert ár, aftur og aftur á sama tíma. En Ráðhúsið sem slíkt er frábær staður. Get ekki neitað því.
- Þrátt fyrir að vera mjög sammála að Ráðhús Reykjavíkur henti þessum viðburði, þá hef ég heyrt

miklar gagnrýnisraddir frá gestum sýningarinnar að fólksmergðin og þrengslin hafi verið svo mikil að fólk hafi ekki komist að til að versla.

- mætti hafa borð uppi á gangi til að fleiri komist að?

- Vegna þess að fólksfjöldinn sprengdi húsnæðið algjörlega alla dagana, svo gestir urðu pirraðir og snéru frá. Gestir fengu ekki nægilega gott tækifæri til að skoða þær vöru sem í boði voru nema kannski á fyrsta klukkuríma dagsins og þeim síðasta. Þar á milli var allt of þröngt til að skoða eða versla nokkurn hlut.


- Þótt ég sé frekar sammála sé ég að þessi markaður er alltaf vinsælli og vinsælli svo ég held það verði að hugsa einhverja aðra lausn. t.d. markaður í tvær helgar með færri þátttakendum í hvort sinn...?

- Þyrfti að vera í stærra húsnæði ekki miklu stærra kannski mundi Perlan fyrsta hæðin henta vel ?

- Þetta er of lítið og þröngt húsnæði, nema þá að fækka sýndum.

---

### 13. Ef HANDVERK OG HÖNNUN myndi skipuleggja sambærilegan viðburð á landsbyggðinni hefðir þú áhuga á að taka þátt?



---

### 14. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri að lokum?

- takk fyrir góða samvinnu og frábæra aðstoð

- Plássið í Ráðhúsinu er heldur lítið, en gaman að koma í þetta hús.

- kærum þökkum fyrirfrábæra sýningu og allan undirbúninginn

- Takk fyrir góða sýningu

- Mér finnst sýningin verða betri og betri og í ár var hún rosalega vel lukkuð. Mér fannst mjög vel að henni staðið í alla staði og allt gekk hnökralaust fyrir sig. Sennilega hefur hún aldrei verið betur sótt

- Þið eigið hrós skilið fyrir skipulagninguna og allt utan um hald. Einnig fyrir að sinna Handverki og hönnun!!! Svo ástarþakkir fyrir það allt saman :)

- Allt skipulag frábært, takk fyrir.

- frábært væri ef H og H gæti tekið að sér að halda utan um 1 sameiginlegan kvöldverð svo fólk geti hist, spjallað og skemmt sér. Hægt væri að láta fólk boða þátttöku með góðum fyrirvara og panta stað. Það var mjög gott og gaman að hafa kaffiaðstöðuna og hitta fólk þar en það er alltaf í tímaþröng.

- Tími til uppsetningar er of rúmur. Það væri kostur ef hann væri styttri þannig að allir neyddust til að vera á staðnum á sama tíma. Það kæmi í veg fyrir ýmsa árekstra varðandi pláss við

uppsetninguna.

- ef sýningin væri tvær helgar væri hægt að skipta hópnum í tvennt og hver sýnandi fengi stærra pláss þannig að verkin mundu njóta sýn betur.

- Frábær sýning takk fyrir mig

Finnst of langur opnunartími á virku dögum

- takk fyrir

- Hafa opið alla daga frá kl 12 til 18.

- Það var of þröngt um sýnendur þannig að húsnæðið er í rauninni og lítið fyrir þann fjölda sem kemur á sýninguna. Þó er mikill sjarmi yfir því að vera í Ráðhúsi Reykjavíkur

- Takk fyrir mig :)

- Mér finnst þetta frábært framtak.

- Þakklæti fyrir sýningu sem vel er staðið að.

- Það er spurning hvort það væri hægt að vera á stað þar sem væri aðstaða til að bjóða upp á máttun og hafa góða spegla fyrir þá sem eru með fatnað til sölu. Annars er ég mjög ánægð með þetta.

- Þakklæti til allra sem stóðu að sýningunni.

- Bestu þakkir fyrir frábært utanumhald.

- Þakka fyrir það að við gátum notað aðstöðuna í mótuneytinu

- Var mjög ánægð með allt sem þið gerðuð..eina vandamálið er hvað þetta er orðið vinsælt ..þannig að þessi skemmtilegi salur í Ráðhúsinu er orðinn of lítill...

- gestir kvarta mikið yfir þrengslum og bílastæðavandamál, það var líka vandamál fyrir sýnendur til að komast að til að losa vörur úr bílum sínum og margir fengu sekt fyrir að fara upp á gangstétt. Þá er ef til vill lausn að halda fleiri slíkar sýningar eða stærra húsnæði

- Það voru einmitt nokkrir viðskiptavinir sem töluðu um hvað það væri sniðugt að hafa þetta að farandverkefni, sem allavega gæti verið í Reykjavík, Ísafjörður, Akureyri og Egilsstaðir. Einnig myndi ég vilja sjá sýninguna opna á fimmtudagskvöldi frá 18-22, þar sem annaðhvort hún er opnuð fyrir almenning, eða fyrir boðsgesti, þekktu aðila í þjóðfélaginu og kaupsterka aðila. Eða bara fyrir alla. Einnig bjóða fjölmiðlum á sýninguna á fimmtudagskvöldið, koma ókeypis auglýsingu strax af stað í byrjun.

I Danske Kunstaandværkermarkedet eru einnig veitt verðlaun fyrir fallegasta básinn. Og þau verðlaun væri hægt að veita á fimmtudagskvöldið, og Skúlaverðlaunin á föstudagskvöldið. Skúlaverðlaunin fannst mér mjög skemmtilegur viðburður, en þó verð ég að segja að það hefði mátt vera opnun um morguninn, þar sem sýningin er sett. Það gleymdist.

Einnig hafa sama opnunartíma, því það voru margir fúlir þegar opið var bara frá 12 um helgina sjálfa, en það hefði átt að vera frá 10 líka eins og virka dagana.

En miðað við mína reynslu með slíka messu í Danmörku, þá er mikill kostur, og innkoma af að hafa þetta á slíkum stað, þar sem hægt er að hafa café, þar sem seld er kaffi og gos og kökur og samlokur og slíkt. Það var mikil sala í því, sem haldari messunnar fékk mikla innkomu á móti kostnaði.

Mér finnst líka skipta máli að það sé frítt inn á þessa sýningu, en í Danmörku kostar yfirleitt inn á slíkar messur, sýningar.

Eitt sem ég vil spyrja að, koma á framfæri, og það er, þeir sem taka þátt í sýningunni Handverk og Hönnun, eru þetta allt listamenn með menntun á bakvið sig og í félögum hér á landi.

Mér finnst skipta mjög miklu máli að þeir sem sækja um þátttöku séu professionel listamenn og með menntun á bakvið sig og séum í listafélögum hér á landi.

Vinsældir einhverrar vöru má alls ekki taka fram fyrir menntun og að vera professionel listamaður.

Það ætti að vera regla, að þeir sem eru með menntun á bak við sig, geti sótt um. Er ekki viss um að svo sé, hef ekki kynnt mér það, en væntanlega er það þannig. Vonandi.

Annars vil ég lofa ykkur fyrir frábært starf í þágu þessa verkefnis, því þetta er risastórt starf og þarf margar hendur og hausa að huga að hinum ýmsum verkefnum. Frábær frammistaða hjá ykkur og þúsund þakkir fyrir það.

Bjarni Sigurðsson Keramikar.

Er ekki svo mikið fyrir leynd í dag, nú þegar maður er að vinna hjá Íslandsbanka. Ef maður hefur eitthvað að segja, segðu það þá með andlitinu en ekki með hausinn í poka.

Takk fyrir mig !!!

- Alls ekki að flytja sýninguna úr miðbænum. Ef til vill verður betri og rýmri aðstaða í nýju Tónlistarhúsi. Ráðhúsið er í það minnsta en hefur mikinn sjarma, erfitt að finna annað húsnæði í miðbænum sem er betra. Mánudagurinn mætti vera styttri t.d. að opna kl. 11:00 og loka kl. 18:00, það munar um tvo tíma. Þetta er rosalega löng viðvera og erfitt að fá aðstoð á venjulegum vinnutíma. Ef til vill væri sniðugt að opna kl. 14:00 á mánudeginum og hafa opið til kl. 21:00 um kvöldið, til þess að fólk hafi meiri tíma eftir vinnu.

- Takk fyrir mig, frábært að öllu staðið, og svo er spurning hvort Ráðhúsið sé orðið of lítið?

- Þætti betra að mánudagurinn væri bara frá 12-18

- Takk fyrir frábæran undirbúning og sýningu Sunneva og Fjóra, þetta var stórglæsilegt hjá ykkur

- Þetta er frábær sýning sem ekki er hægt að horfa fram hjá að er mjög vinsæll viðburður að heimsækja en Ráðhúsið sem sýningarstaður er algjörlega sprungið.

- Takk fyrir mig og það sást að mikil natni hafði verið lögð í að búa til fallega heild.

- Takk fyrir að mega vera með :)

- Þakklæti fyrir allt saman þið sem standið að þessu eruð frábærar.

- Í heildina þá fannst mér markaðurinn betri en áður. En ég var ekki alveg sátt við staðsetninguna, fannst söluaðilinn við hliðina á mér taka mikið pláss og loka fyrir mitt pláss.

- Sýningin var góð og tókst vel en Ráðhúsið er of lítið fyrir svona mikinn fjölda sýnenda og gesta. Sennilega þarf að fækka sýnendum, básarnir voru mjög þröngir og litlir - sumir, þannig að þrengslin voru rosaleg. Kannski þarf að flytja sýninguna á stærra svæði þannig að fólk njóti þess að vera á sýningunni.

- Rýmið er of lítið til að gestir geti noti eða skoðað til fulls þær vörur sem til sýnis og í boði eru á sýningunni

- Þótt ég sé mjög ánægð með markaðinn sem viðburð finnst mér ómögulegt hvað ég heyri að margir hafi hrökklast frá vegna troðnings. Ég heyrði setningar eins og...ég gat ekki skoðað neitt því ég barst bara með straumnum...ég hætti við að fara inn því ég fékk ekki bílastæði...ég hætti við að fara inn þegar ég sá fjöldann...

- Þrengslin, þyrfti að vera á stærra svæði og gefa sýnendum möguleika á að meira frelsi til að presentera sig, myndi verða meira skapandi og skemmtilegra